

RARIK ehf
Bíldshöfða 9
110 Reykjavík

Reykjavík, 5. nóvember 2024
UST202410-156/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda-jarðstrengur innan Mývatns og Laxár

Umhverfisstofnun hefur móttengið umsókn RARIK ehf, dagsett 14. október 2024, um leyfi til framkvæmda innan verndarsvæðisins við Mývatn og Laxá.

Mývatn og Laxá í Suður-Pingeyjarsýslu eru vernduð skv. [lögum nr. 97/2004](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu. Markmið laganna er að varðveita líffræðilega fjölbreytni, jarðmyndanir og landslag svæðisins. Samkvæmt 17. gr. [reglugerðar nr. 665/2012](#) um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu skal leita leyfis Umhverfisstofnunar fyrir hverskonar framkvæmdum og hvers konar starfsemi á verndarsvæðinu sem getur haft áhrif á lífríki, jarðmyndanir og landslag svæðisins.

Lýsing verkefnis:

Sótt er um leyfi til plægingar á jarðstreng og ljósleiðara innan verndarsvæðisins Mývatns og Laxár. Strengurinn lægi að hluta til innan verndarsvæðisins innan jarðar Ljósstaða. Kort sem sýnir fyrirhugaða legu fylgdi með umsókn. Jarðýta verður notuð við plægingu á strengnum. Strengkeflin verða á plógýtunni og/eða á öðru tæki framan við plógýtuna, í sömu förum. Beltagrafa verður notuð til að fylgja jarðýtunni og lagfæra ummerki eftir plæginguna. Ráðgert er að strengurinn verði plægður í jarðveg niður á 70 - 90 cm dýpi með aðvörunarborða en hælur verða settir með ákveðnu millibili. Við lagningu strengsins verður þess gætt að valda sem minnstu jarðraski og að sem minnst ummerki eftir framkvæmdirnar sjáist. Við íbúðarhúsnæðið á Ljósstöðum yrði sett upp jarðspennustöð. Spennustöðin yrði knúin með umhverfisvænni olíu eða þurrspenni. Að plæginguni kæmu 4 starfsmenn og yrði farið í framkvæmdina haustið 2024 eða snemmsumars 2025. Áætlaður verktími er 1 vika.

Umsagnir:

Í samræmi við 17. gr. reglugerðar nr. 665/2012 um verndun Mývatns og Laxár í Suður-Pingeyjarsýslu óskaði Umhverfisstofnun umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands þann 21. október 2024 vegna framkvæmdarinnar s. Umsögn Náttúrufræðistofnunar barst þann 28. október 2024. Í umsögn stofnunarinnar kemur fram að hún hefur kynnt sér gögn málsins og gerir ekki athugasemdir við fyrirhugaða strenglögna þar sem hún liggur innan verndarsvæðis Mývatns og Laxár. Þar er strengleiðin nánast öll á gömlu túni og þar eru hvorki vistgerðir né jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög 60/2013). Samkvæmt verklýsingu verður gengið þannig frá að sem

minnst ummerki verði eftir verkið og því ættu framkvæmdirnar ekki að hafa áhrif á verndargildi svæðisins. Umhverfisstofnun óskaði umsagnar umráðenda Ljósstaða og húseigendafélags Ljósstaða þann 21. október 2024 vegna framkvæmdarinnar. Umsagnir frá Hjálmar Helga Ragnarssyni og Rögnvaldi Guðmundssyni bárust 25. október 2024 og frá Helgu Albertu Ásgeirsdóttur og Sigríði Ásgeirsdóttur þann 4 nóvember 2024. Í umsögnum þeirra er ekki lagst gegn framkvæmdinni.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að framkvæmdin hafi óveruleg áhrif á verndarsvæðið til lengri tíma að uppfylltum skilyrðum leyfisins. Hins vegar má reikna með neikvæðum áhrifum á meðan á framkvæmdum stendur sem skal lágmarka eins og kostur er með lágmarks raski og góðri umgengni á framkvæmdatíma.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir RARIK ohf fyrir sitt leyti leyfi fyrir lagningu jarðstrengs og ljósleiðara innan verndarsvæðisins Mývatn og Laxá sbr. lýsingu hér að ofan og gildir leyfið í ár frá dagsetningu þessa bréfs að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- **Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti sólarhrings fyrirvara.**
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Þar sem þörf er á að fara út fyrir göngustíga/vega skal þess gætt að valda sem minnstu raski og fjarlægja öll ummerki um athafnir utan göngustíga/vega að verkefni loknu.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Vanda skal frágang að verki loknu. Vinna skal að endurheimt og landmótun á því yfirborði sem raskast og um leið afmá öll ummerki framkvæmdanna.
- Óheimilt er að raska votlendi vegna framkvæmdanna.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal sá búnaður sem er ofanjarðar fjarlægður.
- Við val á gerð jarðspennustöðva skal velja umhverfisvænasta kostinn.
- Starfsmenn verkefnisins gangi snyrtilega um svæðið og forðist allt rask utan framkvæmdarsvæðis og þess gætt að allur úrgangur verði fjarlægður.
- Einungis skal aka vinnuvélum að og innan skilgreinds framkvæmdarsvæðis. Afmá skal öll hjólför utan vega að framkvæmdum loknum.
- Gæta skal að mengunarvörnum farartækja og þess gætt að mengandi vökvi berist ekki í jarðveg/vatn.
- Þess skal gætt við akstur utan vega að hann fari fram á tímum þar sem hann veldur sem minnstu raski á jarðvegi og gróðri.

- Við leiðarval skal þess gætt að fara um áður raskað land og þar sem eldri lagnir liggja.
- Tryggja skal að plógurinn skeri bara svörðin en kuðli honum ekki saman þar sem farið er yfir gróðurlendi.

Ef leyfishafi veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir leyfishafa að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda þarf fyrir verkefninu.

Leyfi Minjastofnunar þarf fyrir verkefninu ef friðlýstar fornminjar eru innan 100 metra frá framkvæmdarsvæðinu. Ef um er að ræða aðrar fornminjar sem eru friðaðar þarf leyfi Minjastofnunar ef minjarnar eru innan 15 metra frá framkvæmdarstað nema annað sé ákveðið.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllst

Inga Dóra Hrólfsdóttir
sviðsstjóri

Dagbjört Jónsdóttir
sérfræðingur